

Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Vegna afla umfram leyfilegt hámark skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmaets sjávarafla. Jafnframt er Fiskistofu heimilt að svipta skip leyfi til síldveiða vegna brota á reglugerð þessari.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. apríl 2005.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald og tæmingu rotþróa í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. II. kafla í samþykkt nr. 249/2005 um fráveitur í Sveitarfélaginu Skagafirði.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,275% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa skal vera eftirfarandi:

<i>Stærð rotþróar í lítrum</i>	<i>Árgjald</i>	<i>Tæmingargjald</i>
0-2.000	4.000	12.000
2.001-4.000	4.700	14.100
4.001-6.000	5.600	16.800

Gjalddagar fyrir tæmingu rotþróa skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu gjaldsins hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Gjaldskrá fyrir sérstaka þjónustu:

Tæmingargjald fyrir rotþró sem er stærri en 6001 lítri skal vera 2.800 kr./m³ fyrir hverja losun. Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota barka sem er lengri en

50 m, en sé það nauðsynlegt skal húseigandi greiða aukalega 4.000 kr. á hverja losun. Sé ekki hægt að tæma rotþró í reglubundinni yfirferð og því þurfi að fara aukaferð, skal húseigandi greiða aukagjald sem nemur 50% af tæmingargjaldi. Ef húseigandi óskar eftir aukatæmingu á rotþró skal hann greiða sem nemur einu og hálfu tæmingargjaldi fyrir þá losun.

4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Skagafjarðar 3. mars 2005, staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast gildi við birtingu og til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra 10. febrúar 2005.

Sauðárkróki, 7. apríl 2005.

Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Minningarsjóð Ólafs Túbals og Láru Eyjólfsdóttur.

1. gr.

Nafn og heimili.

Heiti sjálfseignarstofnunarinnar er Minningarsjóður Ólafs Túbals og Láru Eyjólfsdóttur. Heimilisfang hennar er að Austurvegi 4, Hvolsvelli.

2. gr.

Tilgangur og markmið.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að styrkja unga og efnilega listamenn í Rangárvallasýslu til náms í mynd-, tón-, söng- og leiklist, innanlands sem utan.

3. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjálfseignarstofnunarinnar er kr 4.270.000 sem er arfur samkvæmt erfðaskrá Reynis Ólafssonar, sonar þeirra Ólafs og Láru.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og einum varamanni sem tilnefndir skulu af sýslumanninum á Hvolsvelli ótímabundið og skal sýslumaður tilnefna formann.